



Fundur háskólaráðs 7. október 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 04.10.2004
Dags: 07.10.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

13/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 7. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Rögnvaldur Ólafsson, Vilhjálmur Árnason, Anna Pála Sverrisdóttir, Matthías Imsland, Jón Ó. Skarphéðinsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson, Jóhannes R. Sveinsson.

1. Til fróðleiks

- 1.1. Úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskólans vegna haustmissisris 2004.
- 1.2. Fulltrúi rektors í fjármálanefnd og formaður nefndarinnar.
Rektor greindi frá því að hann hefði framlengt umboð Ingjalds Hannibalssonar prófessors sem formanns fjármálanefndar til 30. júní 2005.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1. Tillaga heimspekideildar um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar.
Tillaga heimspekideildar um að veita próf. emeritus Dick Ringler við Wisconsin háskóla í Madison heiðursdoktorsnafnbót við deildina samþykkt einróma.
- 2.2. Tillögur um breytingar á sameiginlegum reglum Háskólans nr. 458/2000.
Tillögurnar voru lagðar fram og skýrðar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.3. Tillaga lagadeildar um breytingu á reglum um meistaranám nr. 664/2002, sbr. bréf deildarinnar 28. september sl.
Tillaga lagadeildar var lögð fram og skýrð. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.4. Samþykkt Lagastofnunar H.Í. um þjónusturannsóknir, dags. 6. maí sl.
Samþykkt Lagastofnunar var kynnt. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.5. Tillögur um breytingar á reglum um Raunvísindastofnun Háskólans, október 2004.
Tillögurnar voru kynntar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.6. Kjör stjórnar Reiknistofnunar Háskólans.
Málið var rætt, einkum ákvæði 3. gr. um stjórn. Akademískri stjórnarsýslu falið að undirbúa tillögu að breyttu orðalagi 3. gr.
Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
- 2.7. Skipun stjórnar Siðfræðistofnunar.
Tilnefningar í stjórn Siðfræðistofnunar 2004 - 2007 kynntar.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2.8. Framlenging umboðs stjórnar Endurmenntunarstofnunar Háskólans til 1. febrúar 2005.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2.9. Akademískar nafnbætur starfsmanna, afgreiðsla læknadeildar, sbr. bréf deildarinnar 8. september sl. og afgreiðsla félagsvísindadeildar, sbr. bréf deildarinnar 27. september sl.

- Samþykkt einróma að veita eftirtaldar akademískar nafnbætur:

Úr læknadeild.

Valgarður Egilsson, klínískur prófessor

Úr félagsvísindadeild.

Jón Friðrik Sigurðsson, klínískur dósent

Eiríkur Lindal, klínískur dósent

Hörður Þorgilsson, klínískur lektor

2.10. Kostnaðaráætlun um ritun og útgáfu aldarsögu Háskóla Íslands.

Málið var kynnt og rætt. Samþykkt einróma að fela Vilhjálmí Árnasyni og Matthíasi Imsland að undirbúa tillögu um afgreiðslu málsins.

3. Mál á auglýstri dagskrá

3.1 Viðræður rektors við menntamálaráðherra um framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands o.fl., sbr. síðasta fund.

Rektor greindi frá fundum sínum með menntamálaráðherra og ráðuneytisstjóra menntamálaráðuneytisins

Í máli rektors kom m.a. fram að í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2005 er gert ráð fyrir hækkun skrásetningargjalds úr 32.500 kr. í 45.000 kr. og að hækkunin (þ.e. 12.500 kr.) komi beint í hlut Háskólans án þess að vera dregin frá fjárveitingu til hans.

Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir fjölgun virkra nemenda úr 5.200 í 5.450 sem mun skila auknum nemendaframlögum að upphæð um 120 m.kr. Þá greindi rektor frá því að í undirbúningi væri að breyta reiknireglum ráðuneytisins til að bæta Háskólanum þann viðbótarkostnað sem hann verður fyrir vegna kennslu í fámennum greinum. Önnur efnisatriði viðræðna rektors og menntamálaráðherra eru tækjakaup í Öskju (vegna líffræði og jarðfræði), rýmkun heimilda Háskólans til að innheimta þjónustugjöld, ósk Háskólans um heimild til útboðs vegna Háskólatorgs, heimild til að leigja lóð undir Vísindagarða, launastika, stuðningur við meistara- og doktorsnám og tengsl Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

Málið var rætt ítarlega. Næsti fundur rektors og menntamálaráðherra er fyrirhugaður 18. október nk.

3.2 Undirbúningur starfs- og fjárhagsáætlunar Háskólans 2005.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar og skýrði framlagt yfirlit yfir fjárhag deilda. Greindi Ingjaldur m.a. frá því að fyrirsjáanlegt væri að halli á rekstri Háskólans verði um 20 m.kr. á mánuði eða samtals um 240 m.kr. á árinu 2004. Þá fór Ingjaldur yfir framlagt minnisblað sitt um fjárlagafrumvarp 2005. Samanburður á fjárlögum 2004 og fjárlagafrumvarpi 2005 leiðir m.a. í ljós að:

- Virkum nemendum fjölga úr 5.200 í 5.450 sem gefur 120,4 m.kr. hækkun fjárveitingar;
- Hækkun skrásetningargjalda í 45.000 kr. gefur 100 m.kr. hækkun sértekna til ráðstöfunar.
- Ef gert er ráð fyrir 2,8% verðhækkun milli ára verður raunhækkun fjárveitingar $4264,2 - 1,028 \times 4031,5 = 120$ m.kr.;
- Fjárhagslegt svigrúm Háskóla Íslands eykst um u.þ.b. 220 m.kr. á milli árunna 2004 og 2005.
- Skrásetningargjöld hafa verið vanáæltuð í fjárlagafrumvarpi undan-farinna ára um 85 m.kr. sem breytir ekki fjárhagsstöðu H.Í.
- Framlag Happprættis H.Í. til framkvæmda lækkar um 135 m.kr.
- Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir væntanlegri hækkun launa umfram 3%.

Við blasir að rekstur Háskólans verður áfram í jánnum.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir væntanlegri hækkun launa umfram 3% og því blasir við að rekstur Háskólans verður áfram í jánnum.

Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Lýstu fundarmenn áhyggjum vegna lækkandi framlaga til rannsókna í Háskóla Íslands í samanburði við aðra innlenda háskóla. Málið verður skoðað nánar milli funda ráðsins.

3.3 Breytt námsskipan til stúdentsprófs, skýrsla starfshópa og verkefnisstjórnar menntamálaráðuneytis, ágúst 2004.

Inn á fundinn kom Friðrik H. Jónsson dósent, sem var fulltrúi háskólastigsins í nefnd um inntak stúdentsprófsins og skýrði frá meginatriðum í framlagðri skýrslu um breytta námsskipan til stúdentsprófs.

Málið var rætt og svaraði Friðrik framkomnum spurningum og athugasemdum.

3.4 Kynning á nemendakerfi Háskólans.

Inn á fundinn kom Ragnar St. Ragnarsson, deildarstjóri hugbúnaðardeildar RHÍ, og kynnti rækilega þróun og stöðu nemendakerfis Háskólans.

4. Önnur mál

4.1. Aðgangur að Þjóðarbókhöllu, sbr. bréf frá Stúdentaráði, dags. 7. október 2004.

Bryndís Harðardóttir gerði grein fyrir sjónarmiðum Stúdentaráðs varðandi aðgang að Þjóðarbókhöllu og byggingum Háskólans.

Málið var rætt ítarlega.

- Samþykkt samhljóða að fela fulltrúum Háskólans í stjórn Landsbókasafns Íslands
- Háskólabókasafns að leita leiða til að tryggja þjónustu safnsins við stúdenta.

Fleira var ekki gert
Fundi slitið kl. 16.35